

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 244/1989. **Baldur Ingi Ísberg,**
Hilmar Guðjónsson og
Sigurður Örn Sigurðsson
 gegn
Katrínu H. Árnadóttur.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. júní 1989, sem barst Hæstarétti 21. sama mánaðar.

Sóknaraðilar gera þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka fyrir dómi um beðnar skýrslur af sér og vitnunum Kristni Bjarnasyni, Njáli Kjartanssyni, Sigurði Björgúlfssyni og Guðjóni Andræssyni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðila.

I.

Mál þetta höfðaði varnaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem víxilmál á hendur sóknaraðilum, og var málið þingfest 15. desember 1988. Sóknaraðilar kröfðust þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að þeir yrðu sýknaðir af öllum kröfum varnaraðila. Varnaraðili kom fyrir dóm 1. júní 1989 og gaf aðilaskýrslu í málinu. Sama dag fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna. Með úrskurði, upp kveðnum 5. júní 1989, hafnaði héraðsdómari frávísunarkröfunni.

Á dómþingi 14. júní 1989 var fært til bókar:

„Stefndu óska eftir því að leiða fram aðila og vitni.

Stefnandi neitar því, að leidd verði fram vitni og aðilar, þar sem málið sé rekið á grundvelli 17. kafla l. 85/1936 og komist því ekki að í málinu lögskiptin, sem að baki viðskiptunum liggja.

Stefndu telja hins vegar, að hafa megi uppi allar þær varnir, sem hafa megi uppi í almennu einkamáli. Aðspurður kvað lögmaður stefndu, að það væri ekki ætlunin að láta vitni og aðila bera um þau atriði, sem hafa má uppi í víxilmáli skv. 208. gr. l. nr. 85/1936.“

Að svo búnu kvað Páll Hreinsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, upp úrskurð án forsendna um ágreiningsefni þetta, svohljóðandi:

„Ú r s k u r ð a r o r ð:

Skýrslutaka aðila og vitna verður ekki leyfð í máli þessu.“

II.

Hérðasdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti eftirgreindar rökstuddar ástæður sínar fyrir hinum kærða úrskurði:

„Mál það, sem liggur fyrir, er höfðað á grundvelli 17. kafla l. nr. 85/1936. Með úrskurði, upp kveðnum 5. júní 1989, var hafnað frávísunarkröfu stefndu, sem var byggð á því, að víxill málsins fullnægði ekki formskilyrðum 2. tl. 1. gr. l. nr. 93/1933.

Af málflutningi stefndu að dæma hyggjast þeir leiða fram vitni og aðila til þess að gera grein fyrir lögskiptum þeim, sem að baki víxilkröfunni liggja. Stefnandi hefur hins vegar mótmælt því, að umræddar skýrslutökur verði leyfðar, enda hleypi hann ekki að frekari vörnum en um getur í 208. gr. l. 85/1936.

Gegn andmælum stefnanda þykja stefndu ekki hafa sannað, að áritunin: „Til tryggingar á lokafrágangi á nýbyggingunni Nesvegi 53, Reykjavík“, sem fram kemur á vixli þeim, sem liggur fyrir í málinu, né ákvæði í öðrum skjölum málsins beri að skilja svo, að aðilar hafi samið svo um, að í málinu mætti koma að öllum vörnum, sem hafa má uppi í einkamáli almennt.

Þar sem lögmaður stefndu hefur lýst yfir því, að ekki sé ætlunin að afla vitna- og aðilaskýrslna um nein þau atriði, sem byggja má á varnir skv. 208. gr. l. nr. 85/1936, verður að telja, að um beðnar skýrslutökur séu sýnilega þarflausar, þar sem skýrslurnar verða ekki lagðar til grundvallar í málinu, enda hefur stefnandi þráfaldlega synjað um, að koma megi að frekari vörnum en um getur í 208. gr. l. nr. 85/1936. Að framansögðu athuguðu þykir því, m.a. á grund-

velli 1. mgr. 115. gr. l. nr. 85/1936, verða að synja um um beðnar skýrslutökur.“

III.

Með vísan til rökstuðnings héraðsdómara hér að framan þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.
